Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Umhverfisstofnun
Áb.
26 JULI 2010
10.4.3
Tilv.

Skútustaðahreppur
Guðrún María Valgeirsdóttir,
sveitarstjóri
Hlíðavegi 6
660

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. júlí 2010
UST20100700030/hjg

**Breytingar á deiliskipulagi við Drekagil**

Umhverfisstofnun vísar til erindis frá Skútustaðahreppi dagsett 29. júní sl. um breytingu á deiliskipulagi við Drekagil. Um er að ræða lítilsháttar breytingu sem snýst ekki um meginatriði skipulagsins, né stefnubreytingu um nýtingu svæðisins. Sótt er um að stækka byggingarreit til að hægt sé að koma fyrir litlu frístandandi áhaldahúsi við hlið landvarðahúss. Áformað er að nýja bygginginn verði aðeins innar en núverandi húsalína og verði að hluta grafinn inn í brekku. Auk þessa er áætlað að byggingarreitum fyrir tvær byggingar norðan við áhaldahúsið verði hliðrað lítillega til norðurs til að halda sömu fjarlægð milli væntanlegra bygginga.

Umhverfisstofnun telur þessar framkvæmdir ekki raska náttúruminjum né umhverfi svæðisins og álítur þessar breytingar því óverulegar og fellst á ofangreinda breytingu á deiliskipulagi.

Virðingarfyllst

Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri

Gunnlaug H Einarsdóttir
Sviðsstjóri